

Skólaráðsfundur miðvikudaginn 29. september 2021

Á fundinn mættu Hjördís Albertsdóttir skólastjóri, Auður Jónsdóttir og Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúar kennara, Brynja Ingólfssdóttir fulltrúi annarra starfsmanna skólans, Anna Bragadóttir fulltrúi foreldra og Christine Lea Fregiste og Sara Margrét Sigurðardóttir fulltrúar nemenda. Einnig var Gunnþór Eyfjörð frá ráðgjafafyrirtækinu Ásgarði á fundinum.

Skólastjóri setti fund, bauð alla velkomna og kynnti alla fundar meðlimi. Gunnþór kynnti sig og Hjördís fór yfir hlutverk hans hjá skólanum.

1. Starfsáætlun skólans skólaárið 2021 – 2022, sjálfsmatsskýrsla skólans 2020 – 2021 og umbótaáætlun skólaársins 2021 – 2022

Farið var yfir starfsáætlun skólans og í framhaldi af því sjálfsmatsskýrslu síðasta skólaárs og umbótaáætlun þessa skólaárs. Starfsáætlunin var ekki send til fundarmanna en verður send þeim sem þess óska.

Gunnþór sagði að Mennta- og menningarmálaráðuneytið setji ákveðin gæðaviðmið fyrir skólana. Hann fór síðan lauslega yfir hvað [sjálfsmatsskýrsla](#) feli í sér.

Gunnþór fór einnig í gegnum umbótaáætlunina og hvað skólinn mun þurfa að gera, hvernig, hvenær og hverjir koma að áætluninni.

Fyrirspurn kom þá frá fulltrúa foreldra hvar hægt væri að sjá nógildandi skólanámskrá. Enn er hægt að sjá skólanámskrá síðasta skólaárs á heimasíðunni, þeirri eldri, en ný síða er í smíðum.

Í starfsskýrslunni kemur fram að í vetur verður liðurinn nám og kennsla sérstaklega skoðaður. Í því sambandi talaði Gunnþór um lykilhæfnina og að þau væri nokkurs konar regnhlíf yfir öll hæfniviðmiðin.

Spurning kom frá fulltrúa foreldra um hvernig verkfæri væri notuð til að ná þeim markmiðum sem lykilhæfnin feli í sér. Hvort þau væru einskorðuð við skólastofuna eða hvort við legðum áherslu á þau utan hennar. Í svörum Hjördísar kom fram að lögð væri áhersla á að nemendur yrðu góðir og nýtir þjóðfélagsþegnar og að skólinn hefði það alltaf að leiðarljósi. Skólinn ynni eftir uppeldisstefnunni Jákvæður agi og sú stefna og lykilhæfnin tala mikið saman.

Eftir veturinn verður gerð umbótaskýrsla, þar verður metið hvernig gekk og hvað þarf að bæta.

2. Skipulag og áherslur skólastarfsins

Hjördís fór yfir skipulag og áherslur skólastarfsins. Hún benti sérstaklega á þá nýjung að í vetur verða tvisvar svokallaðar Sudbury vikur eða áhugasviðsvikur. Þá munu nemendur, sérstaklega þeir eldri, skipuleggja sína viku og hvað þeir vilja læra. Námið mun ekki eingöngu verða bundið við skólahúsnæðið. Yngri nemendum mun verða stýrt meira.

Hún sagði líka frá þeirri breytingu að vetrarfrí verður 28. febrúar og 1. mars (bolludagur og sprengidagur) og í framhaldi af því verður skipulagsdagur á öskudegi þann 2. mars. Enginn skóli verður því þann dag. Fyrirspurn kom um hvort ekki yrði farið í meira samstarf við aðra skóla í sameinuðu sveitarfélagi. Hjördís svaraði að það yrði gert. Einnig hvort ekki væri gott að setja það inn í starfsáætlunina. Gunnþór mun setja það inn þar.

3. Önnur mál

Fyrirspurn kom um hvort ekki væri hægt, eftir sameiningu, að samþætta sunnið betur með öðrum skólum. Hjördís sagði ekkert því til fyrirstöðu að kanna það og athuga hvernig hægt væri að útfæra það.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Sigríður Sigmundsdóttir ritari.